

Um nýtingu stöðuvatna

Hér fara á eftir nokkur almenn fiskifræðileg atriði varðandi silung, sem elur allan aldur sinn í stöðuvatni Tilgangurinn er að sýna fram á mikilvægi þess að stunda veiði, og losa menn við hræðsluna um, að alltaf sé verið að draga upp síðasta fiskinn.

Fiskstofn vatna er ekki eins og hrúga, sem minnkar ef tekið er af henni. Hann er á hreyfingu, fiskur eldist, deyr og ungfiskur kemur í staðinn.

Þótt ekkert sé veitt, þá deyr árlega mikið magn af fiski, svokölluðum eðlilegum eða náttúrulegum dauðdaga. Það er venjulegt, að dánartalan sé um 30% frá einum árgangi til annars, þannig mundu t.d. af 100 5 ára fiskum aðeins verða eftir 70 að ári liðnu. Undir náttúrulegan dauðdaga flokkast dauði af völdum sjúkdóma, elli, sníkjudýra, rándýra o.s. frv.

Það magn af fiski, sem endurmyndast árlega er kölluð ársframleiðsla vatnsins. Sé vatnið í jafnvægi, er kílóafjöldi af fiski í því nokkuð jafn frá ári til árs. Því er það að ef ekkert er veitt þá fer öll ársframleiðslan í náttúrulegan dauðdaga, annars myndi kílóafjöldi af fiski í vatninu aukast. Því meira sem veitt er, þeim mun minna verður náttúrulegum dauðdaga að bráð.

Bleikja hefur mikla viðkomu, og ef þess er ekki gætt að veiða hana nægilega mikið þá getur henni fjölgað ört.

Fæðumagn í stöðuvötnum er takmarkað og aukinn fjöldi fiska verður til þess að minni matur fellur til handa hverjum þeirra. Vöxtur, stærð og þyngd hvers einstaklings eykst í hlutfalli við það fæðumagn, sem hann fær, og því er það fjöldi fiskanna í vatninu, sem hefur mest áhrif á vaxtarhraða einstaklinganna.

Ofveiði er hugtak, sem oft er notað þegar skýra þarf minnkandi aflamagn. Í flestum tilfellum er sú skýring röng, sérstaklega þegar um bleikjuvötn er að ræða. Veiðiálag hefur yfirleitt minnkað og fiskurinn þá smækkað, með þeim afleiðingum að hann syndir í gegnum möskvann á netunum. Dæmi eru m.a. Meðalfellsvatn í Kjós, Miklavatn í Skagafirði, Hreðavatn og Hafravatn.

Það er einnig athyglisvert, að fiskur virðist oft síður taka agn þegar um offjölgun er að ræða, gagnstætt því sem búast mátti við.

Einkenni vatna með of þéttan fiskstofn eru: Magur, ljótur og oftast smár gamall fiskur.

Ofveiðieinkenni eru allt önnur: Í fyrsta lagi finnast ekki gamlir fiskar og þeir sem veiðast eru ungir og hrattvaxandi fiskar, feitir og bústnir, vegna þess að þeir hafa nóg að éta.

Það er auðvelt að lækna ofveidd vötn og þá með friðun og seiðasleppingu. Miklu erfiðara er að fá vanveidd vötn í lag. Þar þarf miskunarlausu veiði, sem kostar mikla vinnu, og það er oft erfitt að fá menn til að stunda veiðina, vegna þess hve fiskurinn er smár og lélegur til matar.

Ekki er eins mikil hættu á að um offjölgun verði að ræða í urriðavötnum, vegna þess að hann þarf rennandi vatn til þess að hrygna í. Það setur viðkomunni strax meiri takmörk og ef nauðsynlegt reynist að takmarka hana má t.d. hindra að hrygningarfiskurinn komist á riðstöðvarnar með því að loka lækjunum. Bleikjan þarf hinsvegar ekki rennandi vatn, og eru hrygningarstöðvar hennar oft dreifðar um allt vatn.

Að lokum vil ég geta þess, að það sem hér hefur verið dregið á, gildir aðeins um lokað vatnasvæði, sem ekki hafa samband við sjó. Þar sem fiskur kemst til sjávar og heim aftur, gilda allt önnur lögmál, því hafið er óþrjótandi nægtabrunnur samanborið við stöðuvötnin. Þar er því ekki hægt að tala um offjölgun, og göngufiskur er viðkvæmari fyrir ofveiði vegna þess hve auðveiddur hann er á ferð sinni um árnar.